

## AUGLÝSING

### um breytingu á deiliskipulagi Hleina að Langeyrarmölum, Flókagata 7, Hafnarfirði.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög samþykkti bæjarstjórn Hafnarfjarðar á fundi sínum þann 31. maí 2005 breytingu á deiliskipulagi Hleina að Langeyrarmölum, Flókagata 7, Hafnarfirði. Breytingin felst í að byggingarreitur fyrir bílskúr á lóð nr. 7 við Flókagötu verður stækkaður og færður til. Einnig verður gólfplata bílskúrs lækkuð. Farið var með breytinguna samkv. 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum og hún yfirfarin af Skipulagsstofnun.

Breytingin öðlast þegar gildi.

*Umhverfis- og tæknisviði Hafnarfjarðar, 29. júní 2005.*

**Bjarki Jóhannesson** sviðsstjóri.